



Reykjavík 12.11.2021

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 10. nóvember 2021 varðandi eftirfarandi mál.

**Reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku**

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 2. nóvember 2021:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku. Reglurnar hafa verið bornar undir og samþykktar af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

*Samþykkt.*

*Vísað til borgarráðs.*

*Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:*

*Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku. Gott er að áhersla er lögð á að stæðin verði vel merkt sem gjaldskyld svæði, en á því hefur stundum verið misbrestur, einkum þegar aðrar framkvæmdir standa yfir. Tæknipróun hefur vissulega orðið á gjaldtöku en samt sem áður á ekki að gera ráð fyrir að allir geti nýtt sér nýjustu tækni við greiðslu. Fyrir suma eru þessir mælar flóknir og ekki allir treysta sér til að nota síma app eins til að greiða fyrir bílastæði. Nú er þannig komið að eldra fólk, íslendingar sem búa utan miðbæjar koma hreinlega ekki lengur niður í bæ. Þetta hafa margar kannanir sýnt. Þetta er sorgleg þróun. Fyrir kynslóðina sem nú er komin yfir sextugt var miðbærinn vinsæll hér áður og þótti skemmtilegur heim að sækja.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

*Glóey Helgudóttir Finnsdóttir*

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir



Skipulags- og samgönguráð  
Borgartúni 12 – 14  
105 Reykjavík

### ***Reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku***

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku. Reglurnar hafa verið bornar undir og samþykktar af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Núgildandi reglur eru frá 1988 og því ljóst að reglurnar eru orðnar að mörgu leyti úreltar þar sem margt hefur breyst á rúnum þremur áratugum. Þar má helst nefna að ný umferðarlög voru sett árið 2020, innri og ytri stjórnsýsla hefur breyst mikið á þessum árum og síðast en ekki síst hefur orðið mikil tækníþróun sem hefur haft áhrif á greiðslulausnir stöðu- og miðamæla.

Þau drög sem nú eru lögð fram, fela í sér talsverðar breytingar á orðalagi frá núgildandi reglum þar sem þær eru færðar í nútímalegra horf. Ekki er um að ræða breytingar frá núverandi framkvæmd en helstu breytingar í drögunum eru eftirfarandi:

1. Gildissvið reglanna er afmarkað betur.
2. Að fjárhæð gjalds skuli miðast við að standa straum af byggingakostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita í samræmi við ákvæði umferðarlaga.
3. Að auglýsa skuli ákvarðanir skipulaga- og samgönguráðs um gjaldskyldu og gjaldskyldutíma með opinberum hætti sem og að ákvarðanir um gjald fyrir notkun stöðureita skuli auglýstar opinberlega í gjaldskrá.
4. Að gjaldskyld svæði skuli merkja með greinargóðum hætti.
5. Að handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða sé heimilt að nota stöðureit fyrir ökutæki sitt án endurgjalds, í samræmi við umferðarlög.
6. Að Bílastæðasjóði Reykjavíkur sé heimilt að bjóða upp á aðra greiðslumöguleika, eftir atvikum í samstarfi við þriðja aðila, enda innheimti sjóðurinn áfram fullt gjald fyrir notkun stæðanna sem renni óskert til borgarinnar. Með slíkum samningum felst ekki einkaréttur til innheimtu gjalds fyrir notkun eða framsal á rétti til notkunar stöðureita.
7. Að heimilt sé að leggja á aukastöðugjald í samræmi við ákvæði umferðarlaga sé ekki greitt fyrir notkun gjaldskylds stöðureits skv. reglunum.

Óskað er eftir að borgarráð auglýsi reglunnar í B-deild Stjórnartíðinda verði þær samþykktar þar.

*Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir*

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Starfandi samgöngustjóri/Deildarstjóri samgangna

Hjálagt:

1. Reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá 1988.



## REGLUR

### UM NOTKUN STÖÐUREITA OG GJALDTÖKU Í REYKJAVÍK

1. Reglur þessar gilda um notkun og gjaldtöku fyrir notkun stöðureita við götur og á opnum svæðum sem eru í eigu eða umsjá Reykjavíkurborgar.

Reglurnar gilda einnig um notkun og gjaldtöku fyrir notkun bílastæða á einkalóðum í umsjá Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings.

Reglurnar gilda ekki um notkun eða gjaldtöku fyrir notkun bílastæða í bílahúsum í eigu eða umsjá Reykjavíkurborgar.

2. Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar getur ákvæðið að innheimta skuli gjald fyrir notkun tiltekinna stöðureita í eigu eða umsjá Reykjavíkurborgar. Við ákvörðun um gjaldskyldu skal tiltekið hvaða stöðureitur eða svæði er háð gjaldskyldu, á hvaða tíma og fyrir hvaða endurgjald.

Ákvarðanir skipulags- og samgönguráðs um gjaldskyldu og gjaldskyldutíma skulu auglýstar með opinberum hætti.

Fjárhæð gjalds skal miðast við að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita, sbr. nánari skilgreiningu í umferðarlögum. Ákvarðanir um gjald fyrir notkun stöðureita skulu auglýstar opinberlega í gjaldskrá.

Gjaldskyld svæði skulu merkt með greinargóðum hætti.

3. Skylt er að greiða fyrir afnot af gjaldskyldum stöðureit á gjaldskyldutíma. Þó er handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða heimilt að nota stöðureit fyrir ökutæki sitt án endurgjalds.
4. Ávallt skal vera mögulegt að greiða fyrir notkun stöðureits með greiðslu í stöðu- eða miðamæli innan gjaldsvæðisins. Á skjá mælis skulu vera notkunarleiðbeiningar og greinargóðar upplýsingar um gjald, gjaldskyldutíma og fyrir hversu langan tíma er greitt.

Bílastæðasjóði Reykjavíkur er heimilt að bjóða upp á aðra greiðslumöguleika, svo sem með snjalltækjum og eftir atvikum í samstarfi við þriðja aðila, enda innheimti sjóðurinn áfram fullt gjald fyrir notkun stæðanna sem renni óskert til borgarinnar. Í samningum um greiðslulausnir má ekki felast einkaréttur til innheimtu gjalds fyrir notkun eða framsal á rétti til notkunar stöðureita.

5. Óheimilt er að nota gjaldskyldan stöðureit án heimildar samkvæmt framangreindu. Sé gjaldskyldur stöðureitur notaður án heimildar á gjaldskyldutíma, skal leggja á aukastöðugjald fyrir notkunina í samræmi við 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
6. Reglur þessar sem settar eru með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hafa hlotið samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og taka gildi við birtingu í B-deild stjórnartíðinda. Á sama tíma falla úr gildi reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988.

**Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann XX. nóvember 2021  
og á fundi borgarráðs þann XX. nóvember 2021.**

## Reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku.

Borgartjörn Reykjavíkur hefur skv. heimild í 2. mgr. 83. gr. umferðarlagi nr. 50/1987, og að fengnu samþykkji lögreglustjórans í Reykjavík, sett eftirlorandi reglur um stöðumæla í Reykjavík:

### I. kaffi.

#### Stöðumælar.

##### 1. gr.

Borgarráð ákvæður að lengnum tiljögmum umferðarmæfndar hvar ó góttum og opnum svæðum skuli setja upp stöðumæla.

##### 2. gr.

Stöðumælar geta verið ýmist einn fyrir hvert stæði eða einn fyrir ótiltekinum fjöldu stæða. Skilt er að greiða fyrir afnot af stöðumælareit fyrir hvers konar vélknun ókuteki.

##### 3. gr.

Tekjur af stöðumælum renna í bílasteðasjóð Reykjavíkur. Borgarráð ákvæður gjald fyrir stöðu ókuteki á stöðumælareit og hvað ókuteki megi standa þar lengi samfellt og á hvaða tíma gjaldskylða er. Lögreglustjóri getur breytt ákvæðum um gjaldskylðu fagar sérstaklega stendur á.

##### 4. gr.

Ef mælit er þannig gerður að úr honum kemur miði með áletrun um þann tíma, er greitt var I hann eða þau tímamörk, sem greitt hefur verið til skal ókumadur setja miðanum á mielabordi við framruðu bílasteðarinnar, þannig að áletrun á miðanum sé vel sýnileg utan frá.

##### 5. gr.

Hver sem leggur ókuteki þannig að eigi er unnið að nota stöðumælareit fyrir annað ókuteki, skal greiða í stöðumælinn eins og ókuteki stæði á stöðumælareitnum sjálftum.

##### 6. gr.

A stöðumæli skal vera letrað greinilega, hvé hátt stöðumælagjaldið er, til hve langt tíma staða er keypt, á hvaða tímum sé skilt að greiða í mælina og hvernig mælirinn sé settur í gang.

Ekkert ókuteki má standa á stöðumælareit lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi stöðumæli.

Bannad er að setja nokkurn annan hlut í stöðumæli en þó mynt, sem mælirinn er gerður fyrir.

##### II. kaffi.

#### Rekstur bílastæða og gjaldtaka fyrir notkun þeirra.

##### 7. gr.

Gatnamálastjóri annast gerð almennum bílastæðu ýmist á landi borgarsjóðs eða á landspíldum, sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi.

Heimilt er að nota bílastæði ýmis tímaleigugjald eða fast gjald.

##### 8. gr.

Gatnamálastjóri annast gerð og rekstur sérstakra bílastæða fyrir ókuteki, sem bannad er skv. 3. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar að leggja á góttum eða almennum bílastæðum borgarinnar á titmabundi milli kl. 22.00 til kl. 06.00, ýmist á landi borgarsjóðs eða á landspíldum, sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi.

Borgarráð getur ákvæðið að notendur bílastæðanna skuli greiða fasta mánaðarleigo fyrir afnot þeirra og skal þá festa límmiða med áttadri notkunarheimild að rúðu viðkomandi ókuteki.

Óheimilt er að nota bílastæðin án heimilda skv. framanskráðu. Þó þau notuð i heimildarleysi skal greiða zakastöðugjald fyrir notkunina.

##### 9. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einkabílastæða um titmabundið afnot þeirra og útleigu til almennings.

##### 10. gr.

Borgarráð ákvæður gjöld fyrir afnot bílastæða, er fjallad er um í þessum kaffi, svo og þann titma sólarhringa, sem notkun er undanþegin leigu. Leigugjöld rennu í bílasteðasjóð Reykjavíkur.

Borgartjörn í Reykjavík,  
febrúar 1988.

Forseti Íslands hefur samkvæm lagmálaráðherra veitt Hallgrím lausn frá embætti ráðuneytissjóraldarsjóðuneytinu fyrir aldurs sakn 1988 að telja.

Félagsmála  
19. febrúar

Forseti Íslands hefur samkvæm meintamálaráðherra skipad Pál J. techn. professor í vélaverksfríði við dildi Háskóla Íslands frá 1. mars 1988.

Meintamála  
20. febrúar

1.  
Hinn 29. febrúar 1988 var Baldur Þingvayni, lögræðingi, veitt leyfi til að fyrir héraðsdómni.

2.  
Hinn 29. febrúar 1988 var Árni Þ. Þingvayni, lögræðingi, veitt leyfi til að fyrir héraðsdómni.

Dóms- og kirkjumála  
29. febrúar 1988.

## Óskila hross

### Rangárvallasýsla.

Laugardaginn 27. febrúar 1988 vor hryssa með jörpu foaldi. Mark hagræði eyra, gati verið snæfnið að Vinstra eyra svýr og fjöldur lausnarsfreistar er til 27. maí 1988. Úsíma 99-5630 eða 91-10853.

8. mars 1988.  
Guðrún Elláði  
hreppstjóri Díj  
Rangárvallasýs

## Aðalfundur

Aðalfundur Útegvgsbanka Íslands 1988 verður haldinn í Súlnasal Höt Hagatorg í Reykjavík, þriðjudagin 1988 og hefst kl. 16:30.

Dagskrá:  
 1. Venjuleg aðalfundurstórf i saðkvæði 28. greinar samþykktar  
 2. Klutbaðar sem vilja fá ákvæðið til meðferðar á aðalfundi skulu við ákvæði 25. greinar samþykkt gera skriflega kröfum par að lú berast part til bankaréðs. Að Reykjavík, í síðasta lagi 28. miðaðum gumiðar að fundinum og seðlar verða aðhentir í aðalbankanu urstræti 19. 3. heð, dagana 7., 8. og næstkomandi, svo og í tengdum ganginn.

12. febrúar 1988

Nr. 99

270

67. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé meilt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Fastráðni starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákvæðins tina með gagnkvænum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Bæjarstjóri næður laustáðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana og fyrirtækja bæjarins, eftir þeim reglum sem bæjarráð settur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

70. gr.

Afbrigði frá samþykkt pessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar nauðsyn ber til, ef 2/3 mættra bæjarstjórnarmanna samþykkit það.

71. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt pessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiribluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt pessi, sem bæjarstjórn Siglufjardarkaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlagar nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftir breytni öllum þeim sem hlut eiga að mál. Jafnframt er úr gildi feld samþykkt um stjórn bæjarmála Siglufjardarkaupstaðar nr. 209/1979.

Félagsmálaráðuneytið, 12. febrúar 1988.

Jóhanna Sigurbardóttir,

Pórhildur Lindal.

26. febrúar 1988

Nr. 100

## AUGLÝSING

um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota.

Samkvæmt heimild í 108. gr. umferðarlagar, nr. SÚ 30. mars 1987, hefur verið ókveðið að í Reykjavík fari álagning og innheimta gjalds vegna stöðvunarbrota cinnig fram á vegum Reykjavíkurborgar.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. mars 1988.

Doms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson,

Ólafur W. Siefánsson.

**From:** [Vigdís Þóra Sigfúsdóttir](#)  
**To:** [Jóhanna Guðjónsdóttir](#)  
**Cc:** [Guðmundur Birkir Guðmundsson](#)  
**Subject:** FW: Samþykki löggreglu vegna nýrra reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík  
**Date:** þriðjudagur, 16. nóvember 2021 14:10:40  
**Attachments:** [Drög loka Reqjur um notkun stöðureita í Reykjavík.pdf](#)

---

Með kveðju/best regards

Vigdís

---

**From:** Guðbrandur Sigurðsson <gudbrandur.sigurdsson@lrh.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 4. nóvember 2021 13:49  
**To:** Guðmundur Birkir Guðmundsson <Gudmundur.Birkir.Gudmundsson@reykjavik.is>; Vigdís Þóra Sigfúsdóttir <Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>  
**Cc:** Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>; Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>; Rakel Elíasdóttir <Rakel.Eliasdottir@reykjavik.is>; Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>  
**Subject:** RE: Samþykki löggreglu vegna nýrra reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík

Sæll Guðmundur.

Fyrir hönd Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu samþykkjum við erindið og þau drög að reglum sem þeim fylgja með vísan í 2. mgr. 86. gr umferðarlaga nr. 77/2019.

### Guðbrandur Sigurðsson

Aðstoðaryfirlöggregluþjónn  
Umferðardeild

[gudbrandur.sigurdsson@lrh.is](mailto:gudbrandur.sigurdsson@lrh.is)



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

### Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115  
105 Reykjavík

[lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)  
[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

---

**From:** Guðmundur Birkir Guðmundsson <[Gudmundur.Birkir.Gudmundsson@reykjavik.is](mailto:Gudmundur.Birkir.Gudmundsson@reykjavik.is)>  
**Sent:** 04. nóvember 2021 13:42  
**To:** Guðbrandur Sigurðsson <[gudbrandur.sigurdsson@lrh.is](mailto:gudbrandur.sigurdsson@lrh.is)>; Vigdís Þóra Sigfúsdóttir

<[Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is](mailto:Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is)>; LRH:Fyrirspurnir <[lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)>

**Cc:** Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <[Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is](mailto:Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is)>; Guðbjörg Lilja

Erlendsdóttir <[Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is](mailto:Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is)>; Rakel Elíasdóttir

<[Rakel.Eliasdottir@reykjavik.is](mailto:Rakel.Eliasdottir@reykjavik.is)>; Árni Friðleifsson <[arni.fridleifsson@lrh.is](mailto:arni.fridleifsson@lrh.is)>

**Subject:** RE: Samþykki löggreglu vegna nýrra reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík

Sæll aftur, Guðbrandur.

Gætir þú staðfest fyrir okkur, sbr. samtal, að reglurnar séu samþykktar fyrir hönd löggreglustjóra?

Kveðja,

**Guðmundur B. Guðmundsson**

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Sími/Tel.: +354 411 1111

[gudmundur.birkir.gudmundsson@reykjavik.is](mailto:gudmundur.birkir.gudmundsson@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

---

**From:** Guðbrandur Sigurðsson <[gudbrandur.sigurdsson@lrh.is](mailto:gudbrandur.sigurdsson@lrh.is)>

**Sent:** fimmtudagur, 28. október 2021 13:41

**To:** Vigdís Þóra Sigfúsdóttir <[Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is](mailto:Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is)>; LRH:Fyrirspurnir <[lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)>

**Cc:** Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <[Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is](mailto:Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is)>; Guðmundur Birkir Guðmundsson <[Gudmundur.Birkir.Gudmundsson@reykjavik.is](mailto:Gudmundur.Birkir.Gudmundsson@reykjavik.is)>; Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

<[Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is](mailto:Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is)>; Rakel Elíasdóttir <[Rakel.Eliasdottir@reykjavik.is](mailto:Rakel.Eliasdottir@reykjavik.is)>; Árni Friðleifsson <[arni.fridleifsson@lrh.is](mailto:arni.fridleifsson@lrh.is)>

**Subject:** RE: Samþykki löggreglu vegna nýrra reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík

Sæl Vigdís.

Við gerum ekki athugasemdir við erindið.

**Guðbrandur Sigurðsson**

Aðstoðaryfirlöggregluþjónn

*Umferðardeild*

[gudbrandur.sigurdsson@lrh.is](mailto:gudbrandur.sigurdsson@lrh.is)

**Löggreglustjórinna á**

**höfuðborgarsvæðinu**

Hverfisgötu 113-115

105 Reykjavík

[lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)

[4441000](tel:4441000)



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI



TRAUST – FAGMENNNSKA – ÖRYGGI

---

**From:** Vigdís Þóra Sigfúsdóttir <[Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is](mailto:Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is)>

**Sent:** 28. október 2021 13:15

**To:** Guðbrandur Sigurðsson <[gudbrandur.sigurdsson@lrh.is](mailto:gudbrandur.sigurdsson@lrh.is)>; LRH:Fyrirspurnir <[lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)>

**Cc:** Glóey Helgudóttir Finnsdóttir <[Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is](mailto:Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is)>; Guðmundur Birkir Guðmundsson <[Gudmundur.Birkir.Gudmundsson@reykjavik.is](mailto:Gudmundur.Birkir.Gudmundsson@reykjavik.is)>; Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <[Guðbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is](mailto:Guðbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is)>; Rakel Elíasdóttir <[Rakel.Eliasdottir@reykjavik.is](mailto:Rakel.Eliasdottir@reykjavik.is)>

**Subject:** Samþykki lögreglu vegna nýrra reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík

Góðan dag

Reykjavíkurborg er að setja nýjar reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku og eru drögin meðfylgjandi. Samkvæmt 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga þarf samþykki lögreglunnar í Reykjavík og því er óskað eftir slíku samþykki.

### Með kveðju,

#### Vigdís Þóra Sigfúsdóttir

Lögfræðingur, skrifstofu sviðsstjóra

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

[vigdis.thora.sigfusdottir@reykjavik.is](mailto:vigdis.thora.sigfusdottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>  
Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.